

Þróun skjálftavirkni á virkjanasvæðum haustið 2011 til ársloka 2023

Niðurdæling jarðhitavatns, einkum á Húsmúlasvæðinu, en einnig jarðhitavinnsla, sprengingar í tengslum við jarðfræðirannsóknir og boranir á háhitasvæðum geta valdið skjálftavirkni, svokallaðri örvaðri skjálftavirkni eða gikkskjálftum. Orka náttúrunnar vinnur eftir verklagi sem miðar að því að lágmarka hættu á örvuðum jarðskjálftum á og við Hengilinn.

Markmið samstæðu Orkuveitunnar um að jarðskjálftar sem hugsanlega tengjast niðurdælingu á jarðhitavatni valdi sem minnstum óþægindum og valdi ekki tjóni var uppfyllt. Árið 2023 varð einn skjálfti að stærð 3 eða stærri á niðurdælingarsvæðum virkjana Orku náttúrunnar, þegar skjálfti að stærð 3,35 reið yfir í nágrenni við Húsmúla. Engar tilkynningar voru sendar til skjálftavaktar Veðurstofu Íslands og Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna breytinga á niðurdælingu árið 2023.

